

Mánudaginn 1. nóvember 1976.

Nr. 192/1976. **Búnaðarbanki Íslands**
 gegn
Dánarbúi Björns Jónssonar.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Búnaðarbanki Íslands, er eigi sækir dómþing þessu máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. nóvember 1976.

Nr. 136/1976. **Ákærvaldið**
 (Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
 gegn
Þórði Ingva Sigurðssyni.
 (Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr,
 Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Hefur héraðsdómari réttilega sakfelld ákærða fyrir brot þau, sem honum eru gefin að sök í ákæru.

Í sakadómi Reykjavíkur hinn 18. október 1974 samþykkti ákærði að greiða 15.000 króna sekt vegna ölvunar við akstur bifreiðar. Var brotið samkvæmt dómssáttinni efnislega talið varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/

1968, en sektarfjárhæð var ákveðin samkvæmt 80. gr. umferðarlaga. Ákærði sætti jafnframt ökuleyfissviptingu 1 mánuð samkvæmt 81. gr. laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 62/1966. Í dómssáttinni var þess getið, að brot ákærða, er þar greindi, hefði ítrekunaráhrif á síðari brot samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Svo sem í héraðsdómi greinir, reyndist alkóhólmagn í blóði ákærða 1.86‰. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 daga varðhald, sbr. nú 1. gr. laga nr. 54/1976 og 2. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969 ber að svipta ákærða ævilangt ökuleyfi sínu.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar er staðfest. Dæma ber ákærða til að greiða málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, 25.000 krónur. Annar áfrýjunarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, enda hefur af hálfu ákæruvalds verið fallið frá kröfu á hendur ákærða um greiðslu annars áfrýjunarkostnaðar en málsvarnarlauna.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Þórður Ingvi Sigurðsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 12. janúar 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dómi með ákæru, útgefinni 30. október sl., á hendur Þórði Ingva Sigurðssyni prentara, Strandgötu 35, Akureyri, fæddum 29. janúar 1930 á Seyðisfirði, fyrir að aka að kvöldi fimmtu-

dagsins 22. maí 1975 undir áhrifum áfengis bifreiðinni A 5022 á Akureyri frá Strandgötu 35, síðan um götur í bænum og aftur að Strandgötu 35, þar sem lögreglumenn höfðu afskipti af ákærða þegar að akstri loknum.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málsatvik eru þau, að kl. 2125 fimmtudaginn 22. maí 1975 fékk lögreglan á Akureyri upplýsingar um, að ökumaður bifreiðarinnar A 5022 væri ölvaður. Lögreglumenn fóru þegar að svipast um eftir bifreiðinni, og eftir nokkra leit komu þeir að henni, þar sem verið var að stöðva hana við Strandgötu 35 á Akureyri. Ökumaður bifreiðarinnar reyndist vera Þórður Ingvi Sigurðsson, ákærði í máli þessu, og var hann einn í bifreiðinni. Komu lögreglumenn að bifreiðinni í þann mund, er ökumaður steig út úr henni, og virtist þeim hann mikið ölvaður. Var ákærði handtekinn og fluttur á lögregluvarðstofuna, þar sem tekin var skýrsla af honum og blóðsýnishorn, sem við rannsókn reyndist innihalda 1.86 prómill alkóhóls.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu viðurkenndi ákærði að hafa verið við akstur nefndrar bifreiðar. Enn fremur viðurkenndi hann að hafa neytt áfengis, en neitaði hins vegar að hafa fundið til áfengis-áhrifa við aksturinn.

Hér fyrir dómi skýrði ákærði svo frá, að hann hefði í greint sinn ekið bifreiðinni A 5022 heiman að frá sér um Strandgötu og Hafnarstræti að veitingahúsinu Bautanum við Kaupvangsstræti, þar sem hann hefði fengið sér að borða. Að máltíð lokinni hefði hann ekið frá Bautanum um Skipagötu og Gránufélagsgötu að Grundargötu, þar sem hann stöðvaði við heimili sitt Grundargötu-megin. Hann kvaðst, nokkru áður en hann ók að Bautanum, hafa neytt víns heima hjá sér, en kvaðst ekki geta sagt um, hversu mikils víns hann hefði neytt. Hann kvaðst hafa fundið til áfengis-áhrifa við aksturinn.

Með úrskurði, uppkveðnum 10. júlí 1975, var ákærði sviptur ökuréttindum til bráðabirgða.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, þykir sök ákærða nægilega sönnuð eins og henni er í ákæru lýst, og varðar brotið við greind lagaákvæði.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt kærur og refsingum sem hér segir:

- 1952 31/12 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengisлага.
- 1953 23/5 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 14. gr. bifreiðalaga og 27., sbr. 30. gr. lögreglusamþykktar.
- 1954 2/4 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 26. og 28. gr. bifreiðalaga.
- 1954 29/10 í Reykjavík: Áminning fyrir ógætilegan akstur.
- 1955 16/5 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga.
- 1956 4/1 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglusamþykktar.
- 1960 29/12 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. umferðarlaga.
- 1962 15/10 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ökuhraða.
- 1964 19/6 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum.
- 1972 12/12 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 248. gr. og 261. gr. hegningarlaga. Ákvörðun um refsingu frestað skilorðsbundið í 2 ár.
- 1974 15/10 í Reykjavík: Dómur: Sýknaður af ákæru fyrir meint brot á 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 3. mgr. 38. gr., 1. mgr. 49. gr. og 50. gr. umferðarlaga.
- 1974 18/10 í Reykjavík: Sátt, 15.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 1 mánuð.

Með vísan til refsíákvæða þeirra, er í ákæru greinir, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengisлага að svipta ákærða ökuleyfi í 1 ár frá 10. júlí 1975 að telja.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Þórður Ingvi Sigurðsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 1 ár frá 10. júlí 1975 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.